



**Markaðsstofa Suðurlands**

## **Fundargerð**

7. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 mánudaginn 7. janúar 2019 og var að þessu sinni fjarfundur.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands  
Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.  
Bjarni Freyr Báruson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Páll Marvin Jónsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands  
Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga  
Sigurlaug Gissurardóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu  
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forfallaðir:

Pálmi Kristjánsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Áheyrnarfulltrúi:

Eva Björk Harðardóttir, formaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

### **Dagskrá:**

- Innra starf MSS
- Verkefni sl. misseri
- Verkefni framundan
- Önnur mál

Innra starf MSS

### **Starfsmannamál**

Föst verkefni á góðu róli hjá verkefnastjórum. Í undirbúningi er starfsmannastefna fyrir Markaðsstofuna þar sem m.a. er byrjað að lista upp gildi vinnustaðarins.

### **Geymslu- og öryggismál**

Ekki hefur náðst að klára yfirferð á þessum málum. Verður vonandi hægt að loka á næstu vikum.

### **Fjárhagur**

Rekstraráætlun fyrir árið 2019 til kynningar á fundinum. Líklegt að síðasta ár verði með einhverjum afgangi þar sem fjármagn í tenglum við samninga um verkefni skiluðu sér mjög seint. Verið er að vinna í að bæta í markaðsefni í stað prentunar landshlutabæklings. Þá eru í vinnslu myndbönd um MSS ásamt vörumerkjahandbók, en sú vinna byggir á fyrri vinnu við Markaðsgreiningu. Stjórn samþykkir að vinna út frá þessum ramma.

### **Samstarfssamningur við SASS**

Viðbótarsamningur liggur ekki fyrir og er ekki staðfestur fyrir 2019, en reiknað er með sambærilegum samningi og fyrir árið 2018.

Verkefnin sl. mánaðar

### **Markaðsmál**

Fannar kynnis drög að markaðsáætlun 2019. Þrjú tilboð í vörumerkjahandbók fyrir áfangastaðinn Suðurland liggja fyrir, hugmyndin er að nýta hana einnig fyrir grunnstarfsemi MSS. Þessi vinna kemur til með að spara tíma og fjármagn til lengri tíma. Stjórn samþykkir að halda áfram með þessa vinnu og láta útbúa vörumerkjahandbók fyrir markaðsstofuna. Tilvalið að nýta hana svo til að hvetja aðildarfyrirtæki til að huga að slíkum málum hjá sér.

Fram kemur hugmynd um að hægt sé að tengja aðildarfyrirtæki og sveitarfélög betur við þemu mánaðanna, sbr. markaðsáætlun. Þá er óskað eftir að markaðsáætlun sé send til þeirra aðildarfyrirtækja sem það vilja.

**Samningar við sveitarfélög** eru frágengnir.

### **Styrkumsóknir**

Markaðsstofan kom að tveimur tillögum sem voru samþykktar í verkefnastjórn að áhersluverkefnum sóknaráætlunar Suðurlands fyrir árið 2019. Það voru verkefni um umhverfisvænar ferðaleiðir og samræmdan mynda- og textabanka. Verkefnin eiga eftir að fara fyrir stjórn SASS og stjórnarráð til samþykktar.

## Áfangastaðaáætlun - DMP

Haldnar hafa verið nokkrar kynningar fyrir sveitarfélögum þar sem hver kynning er miðuð að hverju sveitarfélagi fyrir sig. Nokkrir héraðsmiðlar fjallað um fundina og/eða áætlunina, t.a.m. í Eyjafréttir. Búið að bóka kynningarfundum með flestum sveitarfélögum. Skýrslan fengið góðan hljómgrunn á þeim fundum sem búnir eru.

Verkefni „ferðaleiðir“ og „jákvæð skilaboð um ferðapjónustuna“ komin á góðan rexpöl. Erum að skoða að fá fleiri með okkur í verkefni, t.a.m. starfsnema. Eftirvinnsla myndbanda um „jákvæð skilaboð“ á fullu og fara þau í birtingu áður en langt um líður. Til er þó nokkuð af góðu efni sem nýst gæti í fleiri myndbönd en þau þrjú sem lagt var upp með. Í skoðun er að vinna fleiri myndbönd úr því efni. Þá eru tvær greinar tilbúnar til birtingar.

## Verkefni SASS

Áfram unnið í föstum verkefnum s.s. invest, markaðsmálum, menningarkorti, ráðgjöf og fleiru. Haldinn var jólafundur um starfsemi ráðgjafa fyrir árið 2019.

## Heimasíða / miðlar

Kynnt var stuttlega fyrstu skrefin í notkun á SiteImprove lausninni. Samhliða fjármögnun á markaðssetningu þarf að skoða gagnagrunnsmálin, þar sem grunnurinn heftir framþróun vefsins. Samfélagsmiðlar eru enn í höndum Sahara.

## MAS samstarf

- Næstu skref að funda með formönnum hinna Markaðsstofanna og leggja grunn að áframhaldandi samstarfi MAS.
- **Mannamótsundirbúningur** á fullu enda bara 10 dagar í viðburð. Framkvæmdahópur sér um undirbúning og útdelingu verkefna. Ragnhildur situr þar fyrir hönd MSS. Höfum miklar væntingar um viðburðinn á nýjum stað. Rými fyrir fleiri sýnendur í þessu húsnæði. Ýmis ný verkefni sem tengjast nýju húsi, s.s. teppalögn á sal, en hópur frá Íþróttafélaginu munu aðstoða við uppsetningu og frágang. Um 260 sýnendur komnir á skrá og þar af um 80 frá Suðurlandi.

## Ýmsir fundir og kynningar

Fundur um ný lög um leyfismál og fundur með markaðs/auglýsingastofu. Nokkur ný **aðildarfyrirtæki** bæst í hópinn í tengslum við Mannamót.

**Blaðamannafyrirspurnir** eru aðeins færri en oft áður en alltaf eitthvað sem berst.

**Skrifstofa** MSS var lokuð milli jóla og nýárs, en fyrir jól var byrjað að undirbúa breytingar á innri skrifstofu.

**Vatnsleki** kom upp á skrifstofu í byrjun árs, líklega ekki mikið tjón fyrir MSS en aðeins röskun á starfsemi.

## Verkefni framundan

- **Mannamót** er brýnasta verkefnið framundan, mikill tími í það.
- Staðfesta þarf dagsetningu og staðsetningu sem fyrst fyrir **Árshátíð MSS**. Komin eru tilboð frá gistaðila og beðið er eftir svari hvort viðkomandi dagsetning gangi upp. Upplýsingar verða sendar til aðildarfyrirtækja um leið og þetta verður staðfest.
- Mánaðarlegur **MAS fundur** framundan, unnið áfram með samstarfið og helstu verkefni.
- Fundir með **Íslandsstofu útaf áherslum**. Framkvæmdstjóri og formaður skoða að funda sérstaklega með nýjum framkvæmdastjóra Íslandsstofu og öðrum um málefni Suðurlands.
- **Mid Atlantic** verður haldin 1. febrúar nk. MSS sendi tillögu að ferð, kemur fljótlega í ljós hvort verði valin og næg þátttaka næst. Fyrirkomulag með svipuðu sniði og áður, fjórfaldur bás sem mannaður verður með faghópnum.
- Verið er að skoða þátttöku í **sýningum/vinnustofur erlendis** á þessu ári.
- **SASS** verkefni halda áfram auk þess að líklega koma inn einhver ný. Líklegt er að bæta þurfi við auka höndum til að sinna einhverjum af áhersluverkefnum.
- Eftirfylgni **Áfangastaðaáætlunar** er samkvæmt plani.
- **Fundur faghóps um ferðamál** í Flóa/Árborg verður haldinn í vikunni þar sem m.a. samstarf um Mid Atlantic verður rætt ásamt fleiri sameiginlegum verkefnum.
- Unnið verður eftir **markaðsáætlun** 2019.
- Vinna við sérstök verkefni vegna áfangastaðaáætlunar, **ferðaleiðir og jákvæð skilaboð**, heldur áfram.
- **Innra markaðsstarf** heldur áfram við vinnu að myndbandaframleiðslu og eftirfylgni þeirra. Framkvæmdastjóri og formaður stjórnar stefna á fundi með nokkrum stærri fyrirtækjum.
- **Innri mál MSS** – hefja vinnu við starfsmannastefnu. Klára þarf vinnu við öryggis- og geymslumál. Leita þarf góðra leiða til að vinna að eftirfylgni verkefna ef af styrkveitingum verður. Þá eru fleiri styrkumsóknir í bígerð. Flutningur framkvæmdastjóra framundan í innri skrifstofu.
- **Fundur með Ferðamálastofu** um eftirfylgni áfangastaðaáætlunar -DMP framundan.

Önnur mál

### **Erindi frá Landsmóti Hestamanna 2020**

Ósk um samstarf á markaðssetningu í tenglum við Landsmót. Samskipti við blaðamenn og erlendar FAM ferðir gæti verið hlutverk MSS í slíku samstarfi. Stjórn óskar eftir tillögu að aðkomu MSS við forsvarsmenn landsmóts.

### **Erindi frá Umhverfisstofnun**

Lagt fyrir stjórn og rætt um hvort og þá með hvaða hætti slíkum erindum yrði svarað. Mikilvægt að svara þeim sem við á, en önnur erindi eiga frekar heima hjá sveitarfélögum eða öðrum hagaðilum. Almennt var stjórn sammála um að svara erindum sem þessum með hagsmuni ferðaþjónustunnar að leiðarljósi.